



SKÝRSLA FRAMSÖGUMANNSS í máli E-3/01

BEIÐNI um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, frá Héraðsdómi Reykjavíkur í máli sem rekið er fyrir dómstólnum

Alda Viggósdóttir

gegn

Íslandspósti hf.

varðandi túlkun á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (hér eftir EES) og tilskipun ráðsins 77/187/EBE frá 14. febrúar 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar (hér eftir tilskipunin), einkum 1. og 3. gr. hennar.¹

I. Inngangur

1. Með beiðni dagsettri 15. mars 2001, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 7. febrúar 2000, óskaði Héraðsdómur Reykjavíkur eftir ráðgefandi áliti í máli sem rekið er fyrir dómstólnum milli Öldu Viggósdóttur, stefnanda, og Íslandspósts hf., stefnda.

¹ Tilskipuninni hefur nú verið breytt með tilskipun ráðsins 98/50/EB frá 29. júní 1998 um breytingu á tilskipun 77/187/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar (Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, OJ 1998 Nr. L 201, bls. 88). Vísað er til þessarar gerðar í 24. tölulið í viðauka 18 við EES-samninginn. Fyrirnefndar tvær tilskipanir hafa verið felldar saman og gefnar út á ný sem tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12 mars 2001 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar (Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, OJ 2001 nr. L 82, bls. 16).

II. Löggjöf

EES-réttur

2. Í tilskipuninni segir m.a.:

“1. ÞÁTTUR Gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

1. Tilskipun þessi gildir um eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar vegna löglegs afsals eða samruna.

2. Tilskipun þessi gildir þegar fyrirtæki, atvinnurekstur eða hluti atvinnurekstrar, sem skipta á um eigendur að, er staðsettur innan þess yfirráðasvæðis þar sem sáttmálinn gildir.

3. Tilskipun þessi gildir ekki um hafskip.

(...)

2. ÞÁTTUR Réttur launþega tryggður

3. gr.

1. Afsalshafi skal takast á hendur réttindi og skyldur afsalsgjafa í sambandi við ráðningarsamning eða ráðningarsamkomulag, sem var fyrir hendi þann dag sem eigendaskipti í skilningi 1. mgr. 1. gr. fara fram, þegar um slík eigendaskipti er að ræða.

Aðildarríki geta kveðið á um að afsalsgjafinn standi, eftir þann dag er eigendaskipti í skilningi 1. mgr. 1. gr. fara fram, ásamt afsalshafa við skuldbindingar sem gerðar hafa verið í sambandi við ráðningarsamning eða ráðningarsamkomulag.

2. Þegar eigendaskipti í skilningi 1. mgr. 2. gr. eru frágengin skal afsalshafinn virða þau launakjör og starfsskilyrði, sem samþykkt hafa verið í almennum kjarasamningi, með sömu skilmálum og giltu fyrir afsalsgjafa þar til samningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Aðildarríkjunum er heimilt að stytta tímabilið sem launakjörum og starfsskilyrðum er haldið óbreyttum enda vari þetta tímabil að minnsta kosti eitt ár.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um rétt launþega til elli- og örorkulífeyris eða eftirlifendabóta, þegar um er að ræða viðbótarlífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem eru utan lögskipaðra almannatryggingakerfa í aðildarríkjunum.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda hagsmuni launþega og hagsmuni þeirra sem starfa ekki lengur við atvinnurekstur afsalsgjafa á þeim tíma sem gengið er frá eigendaskiptum í skilningi 1. mgr. 1. gr. varðandi áunninn eða væntanlegan rétt þeirra til ellilífeyris, að meðtöldum eftirlifendabótum, í viðbótarlífeyrissjóðum þeim sem um getur í undanfarandi undirgrein”

Landsréttur

3. Helstu lagaákvæði sem koma til skoðunar í þessu máli eru eftirfarandi: Fyrst ber að nefna lög nr. 77/1993 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, hér eftir “lögin”), einkum 1. og 2. gr. Ákvæði 1. mgr. 2. gr. hljóðar svo:

“Frá og með þeim degi, sem aðilaskipti verða í skilningi 1. mgr. 1. gr., skal nýr eigandi takast á hendur réttindi og skyldur fyrri eigenda samkvæmt ráðningarsamningi og virða þau launakjör og starfsskilyrði sem samþykkt hafa verið í almennum kjarasamningi með sömu skilmálum og giltu fyrir fyrri eiganda þar til samningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.”

4. Næst koma til skoðunar lög nr. 103/1996 um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar), einkum 1., 7. og 8. gr. Ákvæði 1. mgr. 8. gr. er svohljóðandi:

“Fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni. Þó fer um biðlaunarétt þeirra eftir þeim lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem í gildi eru við gildistöku laga þessara.”

5. Í þriðja lagi kemur til athugunar 4. gr. fyrri laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en greinin hljóðar svo:

“Nú er maður skipaður í stöðu, og ber þá að líta svo á, að hann skuli gegna stöðunni, þar til eitthvert eftirgreindra atriða kemur til:

- 1. að hann brýtur af sér í starfinu, svo að honum beri að víkja úr því;*
- 2. að hann fullnægir ekki skilyrðum 3. gr. laga þessara;*
- 3. að hann fær lausn samkv. eigin beiðni;*
- 4. að hann hefur náð hámarksaldri, sbr. 13. gr.;*
- 5. að hann flyzt í aðra stöðu hjá ríkinu;*
- 6. að skipunatími hans samkv. tímabundnu skipunarbréfi er runninn út;*
- 7. að staðan er lögð niður, sbr. 14. gr.).”*

6. Að síðustu koma til skoðunar gildandi lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

III. Málavextir og meðferð málsins

7. Stefnandi hóf störf hjá Póst- og símamálastjórninni - Pósti og síma, sem síðar varð Póst- og símamálastofnunin, á árinu 1963. Hinn 1. janúar 1997 var stofnuninni breytt í hlutafélag alfarið í eigu ríkisins, sbr. lög nr. 103/1996 um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Vegna yfirtöku hlutafélagsins á rekstrinum var gerður ráðningarsamningur við stefnanda um starf hennar hjá hinu nýja félagi. Hinn 1. janúar 1998 varð stefndi, Íslandspóstur hf., síðan til við skiptingu Póst- og símamálastofnunar hf. í tvö hlutafélög og varð stefnandi starfsmaður stefnda. Stefndi sagði stefnanda upp störfum tímabundið hinn 5. október 1999. Stefndi bauð stefnanda starfslokasamning sem hún hafnaði. Samkvæmt honum átti stefnandi að fá greidd föst mánaðarlaun í 12 mánuði, auk orlofs og desemberuppbótar. Með uppsagnarbréfi, dags. 28. desember 1999, sagði stefndi stefnanda upp störfum með þriggja mánaða umsömdum uppsagnarfresti. Tilgreindar ástæður uppsagnarinnar voru þær að samskipti stefnanda við starfsmenn og viðskiptavinum hafi ekki verið með ásættanlegum hætti. Ekki var óskað eftir vinnuframlagi stefnanda til loka uppsagnarfrestsins. Auk launa í uppsagnarfresti fékk stefnandi greidd laun í einn mánuð til viðbótar.

8. Stefnandi krefst skaða- og miskabóta vegna uppsagnarinnar sem hún telur að hafi verið ólögmat.

IV. Spurningar

9. Eftirfarandi spurningar voru bornar undir EFTA-dómstólinn:

1. Ber að skýra ákvæði 1. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 77/187/EBE þannig að það séu eigendaskipti í skilningi ákvæðisins þegar ríkisfyrirtæki er breytt í hlutafélag alfarið í eigu ríkisins?

2. Ber að skýra 1. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 77/187/EBE þannig að óheimilt sé að skerða með ráðningarsamningi, sem gerður er vegna eigendaskipta í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, þau uppsagnarkjör sem launþegi naut fyrir eigendaskiptin?

V. Greinargerðir

10. Í samræmi við 20. gr. stofnsamþykktar EFTA-dómstólsins og 97. gr. starfsreglna hans hafa skriflegar greinargerðir borist frá eftirtöldum aðilum:

– Öldu Viggósdóttur. Í fyrirsvari er Stefán Geir Þórisson, hæstaréttarlögmaður, Reykjavík;

- Íslandspósti hf. Í fyrirsvári er Andri Árnason, hæstaréttarlögmaður, Reykjavík;
- Ríkisstjórn Íslands. Í fyrirsvári sem umboðsmaður Anna Jóhannsdóttir, lögfræðingur á viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins;
- Eftirlitsstofnun EFTA. Í fyrirsvári sem umboðsmaður Dóra Sif Tynes, lögfræðingur á lögfræði- og framkvæmdasviði;
- Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna. Í fyrirsvári sem umboðsmenn John Forman og Jörn Sack, lögfræðingar hjá lagadeild.

Fyrri spurningin

Alda Viggósdóttir

11. Stefnandi heldur því fram að skilyrðin fyrir því að tilskipunin eigi við virðist vera afdráttarlaus að því leyti að ekki sé gerð sú krafa að um sé ræða nýjan eiganda að fyrirtæki eða hluta þess. Af því leiði, að tilskipuninni sé ætlað að ná til allra þeirra tilvika þegar skipti verði á rekstraraðila starfseminnar, hvort sem einkaaðili eða opinber aðili eigi í hlut. Ennfremur að nýi aðilinn verði ábyrgur fyrir rekstrinum og komi þannig fram sem vinnuveitandi þess starfsfólks sem eigendaskiptin hafa áhrif á.

12. Stefnandi telur því að meginmáli skipti hvort afsalshafi öðlist þá stöðu, sem afsalsgjafi hafði gagnvart starfsfólki starfseminnar áður en eigendaskiptin áttu sér stað. Vísað er til dóma dómstóls Evrópubandalaganna í málunum *Süzen*,² *Spijkers*³ og *Merckx and Neuhuys*.⁴ Sé tekið mið af dómum í þessum málum ráði úrslitum að skipti hafi orðið á vinnuveitanda “óháð breytingum á eignaraðild”. Tilskipunin leggi áherslu á vinnusambandið og réttindi sem því geti fylgt. Af þeirri ástæðu sé áherslan lögð á vinnuveitendaskiptin fremur en eigendaskiptin. Það sé lykilatriði hvort starfsfólkið standi frammi fyrir nýjum lögaðila sem vinnuveitanda.

13. Stefnandi vísar til dóma EFTA-dómstólsins,⁵ þar sem til skoðunar komu skilyrði þau sem eigendaskipti verða að fullnægja til að þau verði talin falla undir 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Einkum er vísað til *Eidesund*-málsins þar sem

² Mál C-13/95 *Süzen* gegn *Zehnacker Gebäudereinigung* [1997] ECR I-1259 (hér eftir “*Süzen*”).

³ Mál C-24/85 *Spijkers* gegn *Benedik* [1986] ECR 1119 (hér eftir “*Spijkers*”).

⁴ Sameinuð mál C-171/94 og C-172/94 *Merckx og Neuhuys* [1996] ECR I-1267.

⁵ Mál E-2/95 *Eidesund* gegn *Stavanger Catering A/S* [1996] EFTA Court Report 3 (hér eftir “*Eidesund*”); Mál E-2/96 *Ulstein og Røiseng* [1996] EFTA Court Report 65 (hér eftir “*Ulstein*”); Mál E-3/96 *Ask o. fl.* gegn *ABB Offshore Technology og Aker Offshore Partner AS* [1997] EFTA Court Report 3.

rækilega hafi verið fjallað um skilyrðin í ljósi dómaframkvæmdar dómstóls Evrópubandalaganna fram til þess að málið var afgreitt.

14. Stefnandi bendir á að 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar eigi við ráðstafanir ríkisins í tengslum við einkavæðingu eða breytingar á eignarhaldi fyrirtækis eða stofnunar í opinberri eigu. Það skipti ekki máli í þessu sambandi hvort hlutafé sé enn allt í eigu ríkisins, ef skipti verði á þeim aðila sem annast rekstur fyrirtækisins. Við mat á því hvort einkavæðing Póst- og símamálastofnunarinnar falli undir eigendaskipti í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, beri að hafa í huga þá staðreynd að starfsfólkið fær nýjan lögaðila, þ.e. hlutafélagið, sem vinnuveitanda. Það sé hlutafélagið og stjórn þess sem ráði starfsmannastefnu félagsins. Það sé hlutafélagið sem sé ábyrgt gagnvart kröfum starfsmanna. Það sé því hlutafélagið sem kemur í staðinn fyrir ríkið. Sú staðreynd að ríkið sé enn sem komið er eini eigandi hlutafjárins skipti einfaldlega engu máli, sbr. dómaframkvæmd dómstóls Evrópubandalaganna.

15. Stefnandi telur að draga megi þá ályktuna af fyrrnefndum dómum að breyting á eignarhaldi sé alls ekki nauðsynlegt skilyrði fyrir því að tilskipunin eigi við.

16. Í dómi í *Spijkers*-málinu hafi dómstóll Evrópubandalaganna sett fram sjónarmið til leiðbeiningar við mat á því hvort um sé að ræða eigendaskipti í skilningi tilskipunarinnar.⁶ Stefnandi telur að samkvæmt þessum sjónarmiðum sé það ótvírætt að tilskipunina beri að túlka þannig að einkavæðing Póst- og símamálastofnunar falli undir gildissvið hennar.

17. Stefnandi heldur því fram að hið nýja hlutafélag hafi tekið yfir allt starfsfólk póststöðvanna auk allra fasteigna og lausafjár Póst- og símamálastofnunar. Starfsemin fyrir og eftir breytingu á eignarforminu hafi verið sú sama, auk þess sem viðskiptavild og viðskiptavinir hafi að öllu leyti flust yfir til hins nýja fyrirtækis. Samkvæmt dómaframkvæmd⁷ dómstóls Evrópubandalaganna beri að túlka tilskipunina þannig að einkavæðing Póst- og símamálastofnunar falli undir gildissvið hennar.

18. Sambærilegri spurningu hafi verið svarað játandi af dómstól Evrópubandalaganna í dómi í málinu *Collino and Chiappero*.⁸

⁶ Sjá málsgrein 13 í rökstuðningi í dómi í *Spijkers* málinu, sem hljóðar svo: “Til að ákvarða hvort skilyrðum þessum er fullnægt er nauðsynlegt að taka mið af öllum þeim atvikum sem einkenna þá ráðstöfun sem um ræðir, þ.m.t. tegund fyrirtækis eða atvinnurekstrar, hvort áþreifanleg verðmæti, svo sem byggingar og laust fé, eru látnar af hendi, verðmæti óáþreifanlegra eigna á þeirri stundu er yfirfærsla á sér stað, hvort hinn nýi atvinnurekandi hefur tekið yfir meiri hluta starfsmanna, hvort viðskiptavinir fylgja með og að hvaða marki starfsemin, eftir yfirfærsluna, er sambærileg við það sem var fyrir, og hversu lengi, ef um það hefur verið að ræða, starfsemin hefur legið niðri. Að því er þó að gæta að þetta eru einstök atriði sem koma til skoðunar við heildarmat og þau verði því ekki lögð til grundvallar ein og sér.”

⁷ Sjá nmgr. 3 *Spijkers*.

⁸ Mál C-343/98 *Collino og Chiappero* [2000] ECR I-6659 (hér eftir “*Collino and Chiappero*”).

19. Samkvæmt því sem stefnandi heldur fram er það meginatriði, þegar um sé að ræða einkavæðingu fyrirtækis eða stofnunar í opinberri eigu, að til verður nýr lögaðili, sem tekur við rekstrinum. Við slíka ráðstöfun verði jafnframt skipti á þeim sem er ábyrgur fyrir rekstri starfseminnar, en það eitt sé nægjanlegt til að um eigendaskipti í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar sé að ræða. Þessi niðurstaða ræðst í raun af því að gildissviði tilskipunarinnar sé ætlað að vera almennt, og sé meginreglan sú að eigendaskipti eigi undir hana nema þau séu berlega undanskilin frá gildissviði hennar. Það hafi ekki áhrif á ofangreinda niðurstöðu þótt eigendaskipti eigi sér stað í þrepum, þ.e. starfsemin sé framseld frá upphaflegum framsalshafa til annars framsalshafa.⁹ Starfsfólkið hafi þörf fyrir sömu vernd óháð tæknilegri útfærslu eigendaskiptanna.

20. Stefnandi leggur til að fyrri spurningunni verði svarað á eftirfarandi hátt:

“Skýra ber ákvæði 1. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 77/187/EBE þannig að það séu eigendaskipti í skilningi ákvæðisins þegar ríkisfyrirtæki er breytt í hlutafélag alfarið í eigu ríkisins.”

Íslandspóstur

21. Stefndi heldur því fram að það sé ekki óbyggjandi að tilskipunin taki til yfirfærslu réttinda og skyldna ríkisfyrirtækis til hlutafélags í eigu viðkomandi ríkis (formbreyting) nema samhliða verði einhvers konar “eigendaskipti”. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar gildi hún um “eigendaskipti” að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar vegna “löglegs afsals eða samruna”.

22. Í þessu máli liggja fyrir að hvorki hafi verið um afsal eða samruna að ræða þegar hlutafélag hafi verið stofnað um rekstur Póst- og símamálastofnunar árið 1996. Breytingin hafi því eingöngu falist í breyttu rekstrarformi með óbreyttri eignaraðild, þ.e. íslenska ríkisins.

23. Meginhluti starfsemi Íslandspósts hf. sé fólgin í atvinnustarfsemi sem flutt hafi verið yfir til félagsins við breytinguna, en samhliða hafi stjórnslupáttur póstrekkstrar Póst- og símamálastofnunar verið fluttur til sérstakrar opinberrar stofnunar, Póst- og fjarskiptastofnunar, sem stofnuð hafi verið samhliða.

24. Stefndi telur að því verði ekki haldið fram með réttu að í dómi dómstóls Evrópubandalaganna í *Collino and Chiappero*¹⁰ hafi því afdráttarlaust verið slegið föstu að formbreyting á rekstri opinberrar starfsemi teljist eigendaskipti þannig að verðmæti hafi skipt um eigendur.

⁹ Máls 324/86 *Tellerup* gegn *Daddy's Dance Hall* [1988] ECR 739, málsgrein 9 (hér eftir “*Daddy's Dance Hall*”).

¹⁰ Sjá nmgr. 8, *Collino and Chiappero*.

25. Stefnandi telur að með fyrri spurningu dómstólsins sé einungis spurt um hvort skýra beri ákvæði 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar svo, að það séu eigendaskipti í skilningi ákvæðisins þegar ríkisfyrirtæki sé breytt í hlutafélag alfarið í eigu ríkisins. Telja verði umrædda spurningu að nokkru leyti misvísandi, þar sem skilja verði hana svo að tilskipunin taki til allra launþega við eigendaskipti, óháð réttarstöðu þeirra að öðru leyti.

26. Íslandspóstur hf. telur að skýra verði tilskipunina þröngt með þeim hætti að ekki sé víst að hún taki til allra launþega við eigendaskipti, þ.e. að taka verði tillit til mismunandi réttarstöðu við mat á gildissviði tilskipunarinnar.

27. Dómstóll Evrópubandalaganna hafi í *Collino and Chiappero*, fjallað sérstaklega um fyrri spurninguna sem héraðsdómur leiti áhlits EFTA-dómstólsins á. Í niðurstöðu sinni í *Collino and Chiappero*, hafi dómstóll Evrópubandalaganna lagt áherslu á að starfsmenn ASST hefðu verið opinberir starfsmenn fram að því að þeir fluttust yfir til Iritel og því hafi þeir lotið reglum opinbers réttar. Einungis þeir þegar í aðildarríkjunum sem innlend vinnulöggjöf í einkageiranum tæki til, gætu byggt rétt sinn á tilskipuninni. Þannig var haldið fram tilskipunin tæki ekki til þeirra sem ekki féllu undir slíka vinnulöggjöf, óháð starfssviði þeirra. Dómurinn áleit að við yfirfærslu réttinda í því máli sem til umfjöllunar var, hafi starfsmenn ríkisfyrirtækisins ASST verið opinberir starfsmenn og því hafi um réttarstöðu þeirra farið samkvæmt opinberum rétti, en ekki samkvæmt hinni almennu vinnulöggjöf, en að slíkt væri á færi viðkomandi dómstóls að meta endanlega. Af þessu leiddi að ákvæði 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar giltu aðeins þegar um væri að ræða starfsmenn sem féllu undir vinnulöggjöf fyrir hinn almenna vinnumarkað.

28. Í þessu máli er ekki um það deilt að stefnandi hafi sem starfsmaður Póst- og símamálastofnunar verið opinber starfsmaður og lotið opinberum rétti. Um opinbera starfsmenn gildi lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Óumdeilt sé í málinu að um réttarstöðu stefnanda hafi farið samkvæmt lögum nr. 70/1996, er Póst- og símamálastofnun hafi verið breytt í hlutafélag, sbr. lög nr. 103/1996. Hún hafi ekki starfað á almennum vinnumarkaði áður en kom að yfirfærslunni til Íslandspósts hf. og því hafi hún ekki fallið undir vinnulöggjöf sem almennt hafi átt við um starfsfólk í einkaréttarlegu tilliti. Af þessu megi ljóst vera að tilskipunin gildi ekki um fyrrum starfsmenn Póst- og símamálastofnunar.

Ríkisstjórn Íslands

29. Ríkisstjórn Íslands vísar til dóms í málinu *Collino and Chiappero*, og heldur því fram að stefndi reki opinbera pósthjónustu gegn gjaldi. Af því leiði að tilskipunin geti átt við aðstæður eins og þær sem séu fyrir hendi í aðalmálinu, þótt stefndi sé í ríkiseign, vegna þess að einhliða ákvörðun opinbers yfirvalds um

það að færa ríkisfyrirtæki yfir til annars lögaðila falli undir gildissvið tilskipunarinnar.¹¹

30. Af þessum sökum leggur Ríkisstjórn Íslands til að fyrri spurningunni verði í aðalatriðum svarað játandi, í samræmi við dóm dómstóls Evrópubandalaganna í málinu *Collino and Chiappero*.

Eftirlitsstofnun EFTA

31. Eftirlitsstofnun EFTA vísar til tilgangs tilskipunarinnar, sem sé að tryggja að breyting á fyrirtæki á hinum sameiginlega markaði hafi ekki áhrif til hins verra fyrir starfsmenn viðkomandi fyrirtækis.¹²

32. Eftirlitsstofnun EFTA vísar til dómaframkvæmdar dómstóls Evrópubandalaganna þar sem gert sé ráð fyrir að tilskipunin eigi við allar yfirfærslur eininga sem hafa með höndum efnahagslega starfsemi, hvort sem þær eru reknar í hagnaðarskyni eða ekki.¹³ Aftur á móti hafi hún ekki verið talin eiga við þar sem um sé að ræða hreina endurskipulagningu opinberrar stjórnarsýslu, þar sem yfirfærslan tekur til starfsemi sem varðar framkvæmd opinbers valds.¹⁴

33. Eftirlitsstofnun EFTA heldur því fram að litlu skipti hvort eigendaskipti sé að rekja til einhliða ákvörðunar opinberra yfirvalda eða sammings milli afsalgjafa og afsalshafa.¹⁵ Það sem hafa þurfi í huga séu aðstæður við eigendaskiptin, svo sem hvort byggingar og laust fé fylgir með í skiptunum, hvort meirihluti starfsmanna fari til hins nýja aðila og að hvaða marki starfsemin er sambærileg við það sem hún var fyrir eigendaskiptin.¹⁶

34. Vísað er til dóms dómstóls Evrópubandalaganna þar sem komist hafi verið að þeirri niðurstöðu, í tengslum við samkeppnisreglur, að fyrirtæki sem fengið hafi einkarétt til að reka pósthjónustu veiti þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu.¹⁷ Dómstóllinn sem hér óski eftir álitum hafi ekki veitt neinar upplýsingar um það hvort Íslandspóstur hf. hafi fengið slíkan einkarétt. Á hinn bóginn megi, við mat á því hvort breyting á Póst- og símamálastofnuninni í

¹¹ Sjá nmgr. 8, *Collino and Chiappero*, málsgreinar 34, 35 og 41.

¹² Mál 135/83 *Abels* gegn *Bedrijfsvereniging voor de Metaalindustrie en de Electrotechnische Industrie* [1985] ECR 479, málsgrein 18.

¹³ Mál C-382/92 *Commission* gegn *United Kingdom* [1994] ECR I-2435, málsgreinar 44 til 46 (hér eftir “*Commission* gegn *United Kingdom*”).

¹⁴ Mál C-298/94 *Henke* gegn *Gemeinde Schierke und Verwaltungsgemeinschaft ‘Brocken’* [1996] ECR I-4989, málsgreinar 14 og 17 (hér eftir “*Henke*”).

¹⁵ Mál C-29/91 *Redmond Stichting* gegn *Bartol* [1992] ECR I-3189, málsgreinar 15 til 17 (hér eftir “*Redmond Stichting*”).

¹⁶ Sjá nmgr. 5, *Eidesund*, málsgrein 32; sjá einnig nmgr. 2, *Süzen*, málsgrein 14.

¹⁷ Mál 320/91 *Corbeau* [1993] ECR I-2533, málsgrein 15.

hlutafélag, feli í sér eigendaskipti í skilningi tilskipunarinnar, gera ráð fyrir að stjórnarsýslustofnunin og hlutafélagið sem hún síðar varð, hafi með höndum efnahagslega starfsemi, sem geri það að verkum að tilskipunin eigi við.

35. Ennfremur er bent á að dómstóll Evrópubandalaganna hafi komist að þeirri niðurstöðu, að tilskipunin geti átt við um aðstæður þar sem eining, sem veitt hafði símaþjónustu fyrir almenning og rekin hafði verið af stofnun sem var hluti af opinberri stjórnarsýslu, var samkvæmt ákvörðun yfirvalda framseld gegn gjaldi til einkafyrirtækis sem sett hafði verið á fót af annarri opinberri stofnun sem átti allt hlutaféð.¹⁸

36. Eftirlitsstofnun EFTA heldur því fram að sama skýring eigi við um einingu sem rekur pósthjónustu fyrir almenning og sem er hluti af hinn almennu stjórnarsýslu, sem síðar verður andlag eigendaskipta gegn gjaldi til einkafyrirtækis sem er að öllu leyti í eigu ríkisins.

37. Eftirlitsstofnun EFTA heldur því fram að það sé hlutverk dómstóls aðildarríkis að ákvarða hvort það að breyta opinberri stofnun sem annast pósthjónustu í hlutafélag fullnægir skilyrðum þess að teljast eigendaskipti.¹⁹ Af því leiðir að það kemur einnig í hlut þess dómstóls að ákvarða hvort hlutafélagið sem um ræðir í málinu hefur með höndum efnahagslega starfsemi og hvort aðstæður sem varða yfirfærsluna leiði til þess að um sé að ræða eigendaskipti í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.

38. Eftirlitsstofnun EFTA leggur til að fyrri spurningunni verði svarað á eftirfarandi hátt:

“Yfirfærsla gegn gjaldi á einingu sem rekur pósthjónustu fyrir almenning, sem er hluti af opinberri stjórnarsýslu, til hlutafélags sem er að öllu leyti í eigu ríkisins og sem rekur sömu starfsemi og stjórnarsýslueiningin gerði og hefur vegna þessa tekið yfir eignir stofnunarinnar, lausar og fastar, felur í sér eigendaskipti í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 77/187/EBE. Þeir einstaklingar sem eiga í hlut verða þó að hafa notið verndar samkvæmt almennri innlendri vinnulöggjöf.”

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna

39. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna vísar til dómaframkvæmdar dómstóls Evrópubandalaganna, þar sem gert er ráð fyrir að tilskipun 77/187/EBE eigi við um eigendaskipti að öllum fyrirtækjum, opinberum- sem

¹⁸ Sjá nmgr. 8, *Collino and Chiappero*, málgrein 41.

¹⁹ Mál 105/84 *Foreningen af Arbejdsledere i Danmark* gegn *Danmols Inventar* [1985] ECR 2639, málgreinar 27 og 28 (hér eftir “*Danmols Inventar*”); sjá nmgr. 16, *Redmond Stichting*, málgrein 18 og sameinuð mál C-173/96 og C-247/96 *Sánchez Hidalgo og fl.* [1998] ECR I-8237, málgrein 24.

einkafyrirtækjum, sem hafa með höndum efnahagslega starfsemi hvort sem þau eru rekin í hagnaðarskygni eða ekki.²⁰

40. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna bendir á að hin íslenska Póst- og símamálastofnun hafi að stærstum hluta stundað efnahagslega starfsemi, þótt hún kunnir einnig að hafa farið með opinbert stjórnsýsluvald. Þessir tvenns konar þættir starfseminnar hljóti að hafa verið aðgreindir ekki síðar en þegar stofnunin var einkavædd og við það hafi hin efnahagslega starfsemi flust yfir til hlutafélagsins, en opinber reglugetning hafi orðið eftir hjá ríkinu.

41. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna er þeirrar skoðunar að yfirfærsla þeirrar starfsemi sem stjórnsýslustofnunin hafði með höndum geti ekki þar með talist breyting á skipulagi opinberrar stofnunar eða að um hafi verið ræða flutning á stjórnsýsluvaldi milli opinberra stjórnsýslustofnana.²¹

42. Vísað er til dómstóls Evrópubandalaganna sem hafi talið að tilskipunin ætti við, ekki aðeins þegar eigendaskipti verða með samningi, heldur í öllum tilvikum þegar breyting verði á eignarhaldi.²² Það skipti þess vegna ekki máli þótt ríkið í mörgum tilvikum, þar sem einkavæðing á sér stað, yfirfæri efnahagslega starfsemi með lögum, eða annars konar einhliða ákvörðun opinbers stjórnvalds, til hlutafélags sem það á að öllu leyti sjálft. Þar sem breyting verði á eignarhaldi fyrirtækis eigi tilskipunin við.

43. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna leggur til að fyrri spurningunni verði svarað á eftirfarandi hátt:

“Breyting á efnahagslegri einingu í ríkiseign í hlutafélag sem er að öllu leyti í eigu ríkisins felur í sér eigendaskipti í skilningi tilskipunar ráðsins 77/187/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar.”

Síðari spurning

Alda Viggósdóttir

44. Stefnandi leiðir að því rök að þessi spurning varði meginmarkmið tilskipunarinnar, sem sé að vernda áunnin réttindi vegna hinna tíðu breytinga og

²⁰ Sjá nmgr. 15, *Redmond Stichting*; nmgr. 13, *Commission* gegn *United Kingdom*, málsgreinar 44 til 46; nmgr. 8, *Collino and Chiappero*, málsgrein 30; og Mál C-175/99 *Mayeur* [2000] ECR I-7780, málsgrein 32. Sjá einnig 1. gr. 1. mgr. ítilskipunar 98/50/EB.

²¹ Sjá nmgr. 14, *Henke*, málsgreinar 14 og 17; og nmgr. 8, *Collino and Chiappero*, málsgrein 31. Sjá einnig c-lið 1. mgr. 1. gr. í tilskipun 98/50.

²² Sjá nmgr. 9, *Daddy's Dance Hall*; og nmgr. 15, *Redmond Stichting*, málsgreinar 15-17.

umskipta í viðskiptalífinu sem birtist m.a. í breyttum rekstri fyrirtækja, samruna, einkavæðingu o.fl. Tilskipunin hafi m.a. að markmiði að koma í veg fyrir að launþegar þurfi að sætta sig við stöður á öðrum og lakari kjörum en þeir höfðu hjá fyrri vinnuveitanda sínum og ennfremur að koma í veg fyrir að þessi réttindi glatist við eigendaskiptin. Tilskipuninni sé er ætlað að koma í veg fyrir slíkar afleiðingar tíðra breytinga.

45. Stefnandi heldur því fram að hin almenna regla sé sú að afsalshafi starfseminnar taki sjálfkrafa yfir réttindi og skyldur afsalsgjafa gagnvart starfsmönnum. Ekki sé þörf á sérstakri yfirlýsingu af hálfu afsalshafa eða afsalgjafa. Til að tryggja að markmiðum tilskipunarinnar verði náð er afsalshafa og afsalsgjafa jafnframt óheimilt að semja sín á milli um að afsalsgjafi skuli segja starfsmönnum sínum upp áður en eigendaskiptin eiga sér stað eða breyta ráðningarsambandinu með öðrum hætti, svo sem með nýjum ráðningarsamningi, þar sem slíkar ráðstafanir megi rekja til eigendaskiptanna og væru af þeirri ástæðu í andstöðu við tilskipunina. Nýir ráðningarsamningar eða aðrir samningar sem gerðir séu við launþega vegna fyrirhugaðra eigendaskipta geti ekki haft áhrif á rétt þeirra, þar sem reglur tilskipunarinnar séu ófrávíkjanlegar. Röksemdir fyrir því að ákvæði tilskipunarinnar séu ófrávíkjanlegar felist í því að ella verði markmiðum hennar trauðla náð. Einnig sé byggt á því hefðbundna verndarsjónarmiði vinnuréttarins, að samningsstaða launafólks sé að jafnaði lakari en vinnuveitandans. Vinnuveitandi geti í mörgum tilfellum nýtt sér samningsfrelsið og sterkari samningsstöðu sér til hagsbóta.

46. Stefnandi færir ennfremur fram þau rök að ráðningasamningur sem gerður sé af undirbúningsnefnd vegna einkavæðingar hljóti óhjákvæmilega að vera gerður vegna fyrirhugaðra eigendaskipta. Ef í ljós komi að slíkur samningur veiti starfsmanni lakari starfskjör en hann hafði fyrir, teljist það brot á 3. gr. tilskipunarinnar, þar sem afsalshafi þurfi að virða launakjör og starfsskilyrði sem starfsmenn hafi notið áður en til eigendaskipta kom, með sömu skilmálum og giltu fyrir.

47. Stefnandi færir fyrir því rök að verndin sem 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar veiti feli í sér að halda verði til streitu réttindum starfsmannsins lið fyrir lið. Í dómi í máli *Daddy's Dance Hall* taldi dómstóll Evrópubandalaganna að starfsmaður gæti ekki afsalað sér réttindum, jafnvel ekki þegar heildarmat leiði í ljós að breytingarnar hafi ekki áhrif á stöðu hans til hins verra. EFTA-dómstóllinn hafi í ráðgefandi álitinu sínu í *Langeland*-málinu²³ komist að sömu niðurstöðu. Af því leiði að hver liður í launafyrirkomulagi og starfsskilyrðum verði að standa. Ef afsalsgjafi eða afsalshafi starfseminnar gætu við eigendaskiptin skert uppsagnarkjör þau sem launþegi naut fyrir eigendaskiptin, sé ljóst að með því yrði opnað fyrir möguleika til að skerða starfskjör starfsmannsins verulega enda séu uppsagnarkjörin einn liður í réttindum hans. Slík skerðing gæti hins vegar aldrei samræmst tilgangi og markmiðum

²³ Mál E-3/95 *Langeland* gegn *Norske Fabricom* [1996] EFTA Court Report 36 (hér eftir "*Langeland*").

tilskipunarinnar, sem séu að tryggja að eigendaskiptin verði ekki tilefni til að ganga á rétt launþega.

48. Stefnandi bendir á að niðurstaða dómstóls Evrópubandalaganna í *Daddy's Dance Hall* og niðurstaða EFTA-dómstólsins í *Langeland* hafi verið sú að launþegi geti ekki afsalað sér rétti sem hann eigi samkvæmt ófrávíkjanlegum ákvæðum tilskipunarinnar, þótt skerðingin sem af slíku afsali leiddi væri bætt þannig að starfsmaðurinn væri ekki verr settur en áður þegar á heildina væri litið. Samt sem áður útilokar tilskipunin ekki samkomulag milli starfsmannsins og hins nýja vinnuveitanda um breytingar á vinnusambandinu, að svo miklu leyti sem slíkar breytingar væru heimilar samkvæmt landslögum í öðrum tilvikum en þeim er eigendaskipti eiga sér stað. Mat á því hvort þau skilyrði eru fyrir hendi lýtur að skýringu íslenskra laga sem ekki sé á verksviði EFTA-dómstólsins. Það beri samt að upplýsa að þau skilyrði hafi ekki verið fyrir hendi samkvæmt íslenskum lögum er eigendaskipti þau er mál þetta snýst um áttu sér stað.²⁴

49. Stefnandi leggur til að síðari spurningunni verði svarað á eftirfarandi hátt:

“Skýra ber ákvæði 1. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 77/1187/EBE þannig að óheimilt sé að skerða með ráðningarsamningi, sem gerður er vegna eigendaskipta í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, þau uppsagnarkjör sem launþegi naut fyrir eigendaskiptin.”

Íslandspóstur hf.

50. Stefndi bendir á að stefnandi hafi gert nýjan ráðningarsamning um starf hjá væntanlegu hlutafélagi sem átti að taka yfir rekstur Póst- og símamálastofnunar, þar sem hún hafi samið um önnur launakjör.

51. Stefndi bendir á að hvergi í íslenskum lögum eða í tilskipuninni sé að finna ákvæði sem skerði rétt starfsfólks til að breyta sjálfst ráðningarkjörum sínum með samningi við vinnuveitanda, enda væri með slíkum ákvæðum vegið að meginreglunni um samningsfrelsi. Takmarkanir á einhliða breytingum á ráðningarkjörum ryðji ekki úr vegi rétti launþega og vinnuveitanda til þess að semja um breytt ráðningarkjör, jafnvel við eigendaskipti.

52. Stefndi vísar til 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Í samræmi við orðanna hljóðan kveði málsgreinin á um skyldur afsalshafa við eigendaskipti og eftir þeim ráðningarsamningi sem þá gildi. Aftur á móti sé hvergi í málsgreininni minnst á hver þau réttindi og skyldur, sem afsala á, skuli vera eða hvort þær séu umsemjanlegar milli launþega og afsalsgjafa áður en að eigendaskiptum kemur. Rökrétt ályktun af því sé sú, að af ákvæði 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar verði ekki ráðið að ráðningarkjör séu óumsemjanleg ef þau fara fram með samþykki bæði launþega og vinnuveitanda, eins og um hafi verið að ræða í þessu máli.

²⁴

Sjá nmgr. 9, *Daddy's Dance Hall*, málsgrein 17; og nmgr. 23, *Langeland*, málsgrein 46.

53. Stefndi vísar til dómsins í *Daddy's Dance Hall* þar sem dómstóll Evrópubandalaganna hafi komist að þeirri niðurstöðu að heimilt væri að gera breytingar á ráðningarsambandi sem væru launþegum óhagstæðar, þrátt fyrir að eigendaskipti færu fram á sama tíma, ef lög aðildarríkis mæltu ekki í mót slíkum breytingum.

54. Stefndi vísar til dóms dómstóls Evrópubandalaganna í *Danmols Inventar*, og heldur því fram að líta verði svo á að launþega sé heimilt að semja við vinnuveitanda um breytingar á uppsagnarkjörum.

55. Stefndi færir ennfremur fyrir því rök að skilja verði 3. gr. tilskipunarinnar svo að réttur launþega til að semja um breytt ráðningarkjör á eigin vegum eða á grundvelli almenns kjarasamnings, þar með talið um uppsagnarkjör, sé ekki háður þeim takmörkunum sem gilda um samninga þeirra sem að eigendaskiptunum standa, þ.e. afsalsgjafa og afsalshafa. Líta verði svo á að meginmarkmið tilskipunarinnar sé að koma í veg fyrir að samningur um eigendaskipti milli afsalsgjafa og afsalshafa leiði til skerðingar á rétti þeirra launþega sem eigendaskiptin varða. Markmið tilskipunarinnar geti hins vegar ekki lotið að því að takmarka rétt launþega eða stéttarfélaga til að semja um breytt kjör við eigendaskipti.

56. Stefndi vekur sérstaka athygli á því að af hálfu stefnanda hafi ekki í málinu verið á því byggt, að ákvæði ráðningarsamnings milli aðila, sem undirritaður var 1996, séu ógild eða óskuldbindandi sem slík. Samningurinn hafi verið gerður í fullu samráði við hana og hafi hún undirritað hann af fúsum og frjálsum vilja.

Ríkisstjórn Íslands

57. Ríkisstjórn Íslands vísar til dómaframkvæmdar dómstóls Evrópubandalaganna, en samkvæmt henni miði tilskipunin aðeins að samræmingu að hluta með því að auka vernd launþega, sem tryggð sé við eigendaskipti að fyrirtækjum, í lögum ýmissa aðildarríkja.²⁵

58. Í dómi í málinu *Danmols Inventar* hafi dómstóll Evrópubandalaganna haldið því fram að “orðið launþegi í skilningi tilskipunar ráðsins 77/187/EBE verði að skýra svo að það taki til allra sem í viðkomandi aðildarríki njóta verndar sem launþegar samkvæmt vinnulöggjöf landsréttar.” Þetta hafi verið endurtekið í síðari dómum svo sem *Collino and Chiappero*, þar sem talið hafi verið að eðli starfsskyldna viðkomandi skipti engu máli, heldur aðeins það hvort viðkomandi nyti verndar samkvæmt vinnulöggjöf landsréttar. Sá dómstóll hafi einnig vísað til tilskipunar ráðsins 98/50/EB frá 29 júní 1998, sem aðildarríkin áttu að hafa

²⁵ Sjá mál C-209/91 *Watson Rask og Christensen* [1992] ECR I-5755 (hér eftir “*Watson Rask*”); og nmgr. 8, *Collino and Chiappero*, málsgrein 37.

komið í framkvæmd í síðasta lagi 17. júlí 2001.²⁶ Tilskipunin skilgreini hugtakið “launþegi” í samræmi við fasta dómaframkvæmd.²⁷

59. Í dómi í máli *Collino and Chiappero*, komi skýrt fram af hálfu dómstóls Evrópubandalaganna, að ef launþegar hjá einingu í ríkiseign hefðu réttarstöðu samkvæmt opinberum rétti, gagnstætt almennri vinnulöggjöf, ætti tilskipunin ekki við um þá. Vernd samkvæmt hinni almennu vinnulöggjöf sé þess vegna nauðsynlegt skilyrði þess að tilskipunin eigi við og til þess að yfirfærsla réttinda og skyldna sé möguleg. Þetta sé rökrétt, þar sem sum réttindi og sumar skyldur samkvæmt opinberum rétti sé ekki hægt að yfirfæra.

60. Ríkisstjórn Íslands bendir á að stefnandi hafi verið skipuð til starfa sem opinber starfsmaður samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins frá 1954. Hinar sérstöku reglur um opinbera starfsmenn á Íslandi sem hafið höfðu störf fyrir 1. júlí 1996, þegar ný lög tóku gildi, fela m.a. í sér sérstakar reglur um trúnað og þagmælsku opinberra starfsmanna. Þeim hafi verið óheimilt að gegna öðrum störfum nema sérstök undanþága væri veitt og uppsögn þeirra hafi aðeins verið möguleg samkvæmt sérstökum reglum sem hafi verið mjög frábrugðnar því sem gilt hafi hjá einkafyrirtækjum og samkvæmt almennri vinnulöggjöf. Til viðbótar hafi verið gert ráð fyrir að væri staða þeirra lögð niður skyldu þeir eiga rétt á biðlaunum í sex til tólf mánuði eftir starfstíma.²⁸

61. Ríkisstjórn Íslands bendir á að einnig séu í gildi sérstök lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.²⁹ Kjarasamningar hafi að geyma ákvæði um laun, frídaga og önnur ákvæði af fjárhagslegu tagi og séu gerðir milli ríkisins og stéttarféлага ríkisstarfsmanna, en grundvöllur að réttindum þeirra og skyldum sé lagður í sérsökum lagaákvæðum sem hvorki vinnuveitendur né launþegar geti breytt.

62. Ríkisstjórn Íslands sé því á þeirri skoðun að svo virðist sem réttarstaða stefnanda hafi að verulegu leyti ráðist af opinberum rétti og hún þar af leiðandi aðeins að hluta til ráðist af kjarasamningi, sem gæti talist samningur umráðningu eða vinnusamband milli starfsmanns og vinnuveitanda í skilningi 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Réttarstaða opinberra starfsmanna að því er varðar uppsögn vinnusambands ræðst vissulega af löggjöfinni.³⁰

²⁶ Sjá nmgr. 1.

²⁷ Sjá nmgr. 1, 2. gr. 1. mgr. d í tilskipun 98/50/EB og 6. lið inngangsins.

²⁸ Lög nr. 70/1996, 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða: “Sé starf lagt niður á starfsmaður, sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hefur undir lög nr. 38/1954, en telst ekki embættismaður skv. 22. gr. laga þessara, rétt til bóta er nemi launum í sex mánuði, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár, en ella í tólf mánuði.

²⁹ Lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

³⁰ 4. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

63. Ríkisstjórn Íslands bendir á að í *Collino and Chiappero* hafi ákvörðun um það hvort stefnandi hafði réttarstöðu samkvæmt opinberum rétti verið eftirlátin dómstól aðildarríkis þótt dómurinn teldi að gögn málsins bentu til þess að um væri að ræða réttarstöðu að opinberum rétti.³¹ Dómstóllinn hafi ennfremur eftirlátið það dómstól aðildarríkis að ákvarða hvort viðkomandi nyti verndar samkvæmt hinni almennu vinnulöggjöf.³² Merking hugtaksins “launþegi” geti verið breytilegt frá einu réttarkerfi til annars, þar sem merking þess hafi ekki verið samræmd.

64. Ríkisstjórn Íslands heldur því ennfremur fram að tilskipunin miði ekki að því að festa í sessi sérstök sérrettindi eða réttindi sem opinberir starfsmenn njóti samkvæmt landsrétti í tilvikum þegar stöðu þeirra er breytt, hún lögð niður eða þeim sagt upp störfum. Þessi réttindi séu ekki samræmd á grundvelli EES-réttar og það sé alfarið á valdi löggjafa samningsríkjanna að kveða á um þau.

65. Ef á hinn bóginn komist verður að þeirri niðurstöðu að réttarstaða stefnanda hafi ekki ákvarðast af opinberum rétti að því er varðar uppsögn vinnusambands og önnur ákvæði sem við eigi, heldur ríkisstjórn Íslands því fram að réttindi stefnanda og skyldur ráðist af hinni almennu vinnulöggjöf. Víkja megi frá henni með samningum í kjölfar samningsslita eftir að kjarasamningstímabil er liðið. Í dóminum í *Daddy's Dance Hall*,³³ taldi dómstóll Evrópubandalaganna að ef landsréttur heimilaði að vinnusambandi væri breytt til hins verra fyrir launþega á meðan á vinnusambandi hans við afsalgjafa stæði, sé slík breyting ekki útilokuð eingöngu vegna eigendaskipta.³⁴ Á hinn bóginn megi eigendaskiptin aldrei vera ástæða breytinganna.

66. Í aðalmálinu hafi verið samið um ráðningarkjör milli aðila einstaks samnings, milli nýs hlutafélags og starfsmanns við eigendaskiptin. Sérstaklega hafi verið vísað til réttinda sem áunnist höfðu í fyrra vinnusambandi og launþegum voru boðin sambærileg störf hjá hinu nýja félagi. Ríkisstjórn Íslands leggur áherslu á að hin sérstöku réttindi og skyldur sem eigi við um opinbera starfsmenn sé einfaldlega ekki hægt að yfirfæra yfir á vinnusambönd hjá einkafyrirtækjum.

67. Launþegar sem hætta störfum sem opinberir starfsmenn og hefja störf hjá einkafyrirtæki eigi rétt á biðlaunum telji þeir sig ekki geta fengið sambærilegt starf að því er varðar starfskjör. Þeir geti aftur á móti ekki tekið með sér til hlutafélagsins sérstök réttindi eða sérstakar skyldur sem opinberir starfsmenn, hvort sem félagið er í eigu ríkisins eða í einkaeign.

³¹ Sjá nmgr. 8, *Collino and Chiappero*, málsgrein 40.

³² Sjá nmgr. 19, *Danmols Inventar*, málsgrein 3; og nmgr. 8 *Collino and Chiappero*, málsgrein 41.

³³ Sjá nmgr. 9, *Daddy's Dance Hall*, málsgrein 17.

³⁴ Sjá nmgr. 8, *Collino and Chiappero*, málsgrein 52.

68. Ríkisstjórn Íslands telur að EFTA-dómstóllinn eigi að byggja svar sitt á eftirfarandi:

“Tilskipun ráðsins 77/187/EBE getur átt við í aðalmálinu að því gefnu að stefnandi hafi upphaflega notið verndar á grundvelli almennrar vinnulöggjafar landsréttar. Það sé aftur á móti hlutverk dómstóls samningsríkis að meta það hvort stefnandi naut að öllu leyti eða hluta réttarstöðu á grundvelli opinbers réttar eins og gögn málsins bendi til.”

Eftirlitsstofnun EFTA

69. Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að samkvæmt dómaframkvæmd dómstóls Evrópubandalaganna geti eingöngu þeir aðilar byggt á tilskipuninni sem njóti verndar sem launþegar samkvæmt innlendri vinnulöggjöf. Þetta hafi verið staðfest með setningu tilskipunar 98/50/EB sem breytt hafi tilskipun 77/187/EC og skilgreint “launþega” sem hvern þann einstakling sem nyti verndar sem launþegi samkvæmt almennri vinnulöggjöf landsréttar.³⁵ Til að ákvarða hvort 1. mgr. 1. gr. eigi við um atvik þessa máls þurfi að taka afstöðu til þess hvort stefnandi sé launþegi samkvæmt almennri vinnulöggjöf landsréttar.

70. Eftirlitsstofnun EFTA telur að slíkt mat eigi undir hinn innlenda dómstól á grundvelli viðeigandi ákvæða landsréttar.

71. Vísað er til 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Greinin mæli svo fyrir að við eigendaskipti í skilningi 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar færist réttindi og skyldur afsalgjafa er tengjast ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi og sem eru fyrir hendi þann dag sem eigendaskipti fara fram, yfir til afsalshafa. Tilskipunin miðar þannig að því að vernda réttindi launþega við skipti á vinnuveitanda með því að gera þeim kleift að vinna hjá hinum nýja vinnuveitanda á sömu kjörum og hjá fyrri vinnuveitanda.³⁶

72. Eftirlitsstofnun EFTA færir fram þau rök að ráðningarsambandi megi aðeins breyta til hins verra fyrir launþega að því marki sem innlend löggjöf heimilar slíkar breytingar við aðrar aðstæður en þegar um eigendaskipti er að ræða. Af því leiðir, að þegar eigendaskipti hafa átt sér stað, eru aðeins heimilar breytingar á vinnusamningi hafi þær mátt gera fyrir eigendaskiptin að því gefnu að þær væru ekki í tengslum við eigendaskiptin. Hvernig sem á allt sé litið geti eigendaskiptin sjálf aldrei verið tilefni breytinga á ráðningarsambandi milli afsalshafa og launþega.³⁷

³⁵ Sjá 2. gr. tilskipunar 98/50/EB.

³⁶ Sameinuð mál 144/87 og 145/87 *Berg* gegn *Besselsen* [1988] ECR 2559, málsgrein 12; og mál 362/89 *D’Urso og fl.* [1991] ECR I-4105, málsgrein 9.

³⁷ Sjá nmgr. 9, *Daddy’s Dance Hall*, málsgrein 17; og nmgr. 25, *Watson Rask* [1992] ECR I-5755, málsgrein 28.

73. Eftirlitsstofnun EFTA heldur því fram að EFTA-dómstóllinn hafi komist að þeirri niðurstöðu, að vegna ófrávíkjanlegra reglna tilskipunarinnar, sé launþegum ekki heimilt að falla frá réttindum þeim sem þeir hafa samkvæmt tilskipuninni. Ennfremur sé ekki unnt, jafnvel ekki með samþykki launþega, að takmarka þessi réttindi.³⁸ Þetta á við jafnvel þótt vegið sé upp á móti ókostunum sem leiði af breytingunum með öðrum kjörum þannig að staða þeirra versni ekki vegna breytinganna þegar á heildina sé litið.³⁹

74. Af því leiðir að Eftirlitsstofnun EFTA telur að 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar banni ákvæði í ráðningarsamningi, sem gerður sé í tilefni af eigendaskiptum, sem geri ráð fyrir lakari réttarstöðu launþega varðandi slit samnings en hann naut fyrir eigendaskiptin, nema slík breyting hafi verið heimil í öðrum tilvikum en þegar um eigendaskipti er að ræða.

75. Eftirlitsstofnun EFTA leggur til að síðari spurningunni verði svarað á eftirfarandi hátt:

“Skýra ber 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar svo að hún banni ákvæði í ráðningarsamningi, sem gerður er í tilefni af eigendaskiptum í skilningi 1. mgr. 1. gr., sem gera ráð fyrir verri réttarstöðu launþega varðandi lok ráðningar, en hann naut hjá vinnuveitanda sínum fyrir eigendaskiptin.”

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna

76. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna bendir í upphafi á að yfirfærsla réttinda og skyldna á grundvelli ráðningarsamnings, eða ráðningarsambands, frá afsalgjafa til afsalshafa, sé samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 77/187 óskilyrt og að meginreglur tilskipunarinnar séu ófrávíkjanlegar. Dómstóll Evrópubandalaganna og EFTA-dómstóllinn hafi talið að yfirfærslu á réttindum launþega megi ekki takmarka, jafnvel ekki með samþykki hans.⁴⁰

77. Framkvæmdastjórnin telur ekki að það sé markmið tilskipunarinnar að bæta kjör launþega eftir eigendaskipti. Markmiðið sé aðeins að vernda áunnin réttindi hans. Hinn nýi vinnuveitandi geti þess vegna samið við launþegann um að breyta starfskjörum þess síðarnefnda á þann hátt sem heimilt hefði verið í fyrra samningssambandi.⁴¹ Á hinn bóginn megi eigendaskiptin sjálf aldrei vera

³⁸ Sjá nmgr. 23, *Langeland*, málsgrein 43.

³⁹ Sjá nmgr. 23, *Langeland*, málsgrein 46.

⁴⁰ Sjá nmgr. 9, *Daddy's Dance Hall*, málsgrein 15; og nmgr. 23, *Langeland*, málsgrein. 43.

⁴¹ Sjá nmgr. 8, *Collino and Chiappero*, málsgrein 52.

tílefni til breytinga á ráðningarkjörum, þar sem með því væri auðveldlega unnt að sniðganga ófrávíkjanleg ákvæði tilskipunarinnar.⁴²

78. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna heldur því fram að í máli þessu virðist sem eigendaskipti að fyrirtæki hafi verið tílefni breytinga á ákvæðum um uppsögn. Samningsgerðin fór saman með eigendaskiptum að fyrirtækinu sem gerðist með þeim hætti, þrátt fyrir að gerast í tveimur þrepum, að fyrirtækið fór úr opinberri eigu í einkaeigu. Í því fólst einnig gerð nýrra samninga að einkarétti við launþega sem áður voru ráðnir samkvæmt reglum sem áttu við um opinbera starfsmenn.

79. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna leggur til að síðari spurningunni verði svarað á eftirfarandi hátt:

“Launþegi getur ekki afsalað sér réttindum sem hann hefur samkvæmt ófrávíkjanlegum ákvæðum tilskipunar 77/187/EEC. Tilskipunin útilokar aftur á móti ekki samning við nýjan vinnuveitanda um að breyta ráðningarsambandi að því marki sem slík breyting er heimil samkvæmt viðeigandi innlendri löggjöf við aðstæður sem ekki tengjast eigendaskiptum að fyrirtæki.”

Carl Baudenbacher
Framsögumaður

⁴² Sjá nmgr. 9, *Daddy's Dance Hall*, málsgrein 17.